



Alþingi
Erindi nr. P 140/482
komudagur 28.11.2011

28. nóvember 2011
SI-80138

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (endurgreiðsla lána og niðurfelling), 140. löggjafarþing, 38. mál.

Með tölvupósti dags. 14. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að með því séu lagðar til breytingar á fyrirkomulagi ábyrgðarmennsku og endurgreiðslu námslána og úrræði fyrir tiltekin jaðartilvik við endurgreiðslu námslána löggfest. Lagt er til að ábyrgðir ábyrgðarmanna falli niður þegar þeir ná 67 ára aldri svo fremi sem lánþegi sé á þeim tíma í fullum skilum við sjóðinn og ábyrgðarmaður hafi gengist í ábyrgð fyrir láni fyrir 54 ára aldur. Þá er lagt til að fest verði í lög sú meginregla að greitt skuli af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd eða fram að þeim tíma er lánþegi fellur frá. Þá er gert ráð fyrir undantekningum frá framangreindri meginreglu á þann hátt að í tilteknum tilfellum verði heimilt að fella námslán niður að hluta eða í heild áður en lán er að fullu greitt. Þau tilfelli sem hér um ræðir eru annars vegar þegar skuldari á við langvarandi veikindi að stríða, fötlun eða mikla örorku sem áhrif hefur á greiðsluhæfni hans og hins vegar tilfelli þar sem skuldari námsláns hefur náð 67 ára aldri án þess að hafa náð að greiða að fullu niður námslán sitt.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til frumvarpsins, en bendir á að kanna þurfi vel áhrif þess á fjárhag Lánasjóðsins og framlag ríkisins til hans.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Jónas Þórðarson
forstöðumaður